

# Tillaga að REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Arnarlax ehf.  
Starfsstöð: Ísafjarðardjúp  
Kennitala: 580310-0600  
Aðsetur: Strandgötu 1  
465 Bíldudalur  
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1178  
Leyfið gildir til: xx.xx.204x

## Starfsemi:

AE 1 - Lax / *Salmo salar*

## Í gildi frá:

xx.xx.202x

Kynslóðaskipt sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi. Hámarkslífmassi 10.000 tonn ófrjór lax. Ófrjór laxastofn: StofnFiskur.

## Svæði

## Punktur

### Óshlíð

1. 66°09.505'N 23°09.573'W, 2. 66°09.920'N 22°08.627'W, 3. 66°08.400'N 23°04.874'W, 4. 66°08.020'N 23°07.010'W,

### Drangsvík

1. 66°09.986'N 22°59.208'W, 2. 66°10.324'N 22°58.565'W, 3. 66°09.202'N 22°55.088'W, 4. 66°08.835'N 22°55.804'W,

### Eyjahlíð

1. 66°06.378'N 22°48.114'W, 2. 66°06.835'N 22°47.314'W, 3. 66°06.106'N 22°45.112'W, 4. 66°05.750'N 22°45.918'W,

Rekstrarleyfið er gefið út miðað við fyrirliggjandi mat Hafrannsóknastofnunar á burðarþoli og áhættumati vegna erfðablöndunar. Heimilt er að endurskoða forsendur leyfisins ef breytingar verða á burðarþolsmati og/eða áhættumati Hafrannsóknastofnunar.

Rekstrarleyfishafa ber að tryggja að fjarlægð í fisk ótengdra rekstrarleyfishafa í Ísafjarðardjúpi sé eigi styttri en 5 km í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Rekstrarleyfishafa ber að sækja um heimild til Matvælastofnunar til útsetningar seiða. Þá er rekstrarleyfishafa óheimilt að setja út fisk á eldissvæðin Óshlíð, Drangsvík og Eyjahlíð nema að fyrir liggi

undirritaður samstarfssamningur milli rekstrarleyfishafa og annars vegar Hábrúna ehf. og hins vegar Arctic Sea Farm ehf. sem tryggir samræmdar forvarnir og viðbrögð við snikjudýrum og sjúkdómum.

Jaðar sjókvíaeldisstöðvanna Drangsvíkur og Eyjahlíðar skulu ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljóna en 50 m. En jaðar sjókvíaeldisstöðvarinnar Óshlíðar skal ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljóna en 200 m.

Eldi ófrjórna laxa (geldstofn) er bundið því skilyrði að aðferðir, sem notaðar eru til að hindra að eldisfiskur framleiði frjóar kynfrumur, uppfylli ákvæði laga nr. 55/2013 og reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar. Útsetning seiða á eldissvæði skal taka mið af umhverfisaðstæðum eldissvæðisins á hverjum tíma.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa, sem byggir á gangagrundi um erfðaeftirhlutning hjá framleiðanda hroga.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefna af fagiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 462/2021 (sem innleiðir reglugerð ESB nr. 2016/429) um smitandi dýrasjúkdóma, með síðari breytingum og ber rekstrarleyfishafa uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

---

Karl Steinar Óskarsson, Deildarstjóri fiskeldis